



Fjármál ríkissjóðs að taka á sig mynd

Ný ríkisstjórn hefur nú lagt fram tillögu að fjármálastefnu fyrir árin 2022–2026 og frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2022. Meginmarkmið fjármálastefnunnar er að skuldasöfnun ríkissjóðs, sem hlutfall af landsframleiðslu, stöðvist eigi síðar en árið 2026. Eins og staðan er nú stefna skuldir hins opinbera í að verða verulega lægri við lok stefnutímabilsins en útlit var fyrir við upphaf heimsfaraldurs kórónuveirunnar og kemur það aðallega til af þróttmikilli viðspyrnu efnahagslífsins og sölu á eignarhlutum ríkissjóðs í Íslandsbanka.

Spáð er rúmlega 5% hagvexti á næsta ári og að landsframleiðslan verði þá komin yfir það stig sem var fyrir faraldurinn. Staðan í efnahagsmálum er því betri en gert var ráð fyrir í fjárlögum ársins 2021 og mun meiri kraftur í hagkerfinu en búist var við þegar þau fjárlög voru samþykkt.

Gert er ráð fyrir að fjárlagafrumvarpið taki talsverðum breytingum í meðförum Alþingis. T.d. hefur fjármálaráðherra boðað breytingartillögur frá ríkisstjórninni sjálfri í ljósi mikilla breytinga á ráðuneytum í tengslum við stjórnarskiptin.


Aðgerðir stjórnvalda hafa tekist vel – en munu minnka

Viðbrögð stjórnvalda gagnvart efnahagslegum áhrifum kórónuveirufaraldursins hafa skilað góðum árangri og átt ríkan þátt í að stýra hagkerfinu í gegnum einn dýpsta efnahagssamdrátt sögunnar. Í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir að nú fari að draga úr mótvægisráðstöfunum vegna faraldursins og þær verði um 50 ma.kr. á næsta ári. Reiknað er með að stuðningur ríkissjóðs við hagkerfið á árunum 2020–2022 verði samtals um 260 ma.kr.

Afkoma


Samkvæmt fjárlagafrumvarpinu mun afkoma ríkissjóðs batna um u.þ.b. 120 ma.kr. milli árana 2021 og 2022 og verða neikvæð um 169 ma.kr. Gert er ráð fyrir áframhaldandi hallarekstri ríkissjóðs næstu árin, allt fram til 2026, en hann verði þó töluvert minni en reiknað var með í gildandi fjármálaáætlun.

Breyting afkomu ríkissjóðs 2021 - 2022



Heimild: Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Afkoma ríkissjóðs 2019-2022



Heimild: Fjármála- og efnahagsráðuneytið



Tekjur ríkissjóðs

Gert er ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs aukist um 24% frá fjárlögum 2021 og verði 182 mö.kr. hærrí 2022 en í fjárlögum síðasta árs. Heildartekjur ríkissjóðs verða þá 955 ma.kr. á næsta ári.

Veruleg aukning tekna af tekjuskatti einstaklinga og tryggingagjaldi skýra bættu stöðu auk þess sem tekjuskattur lögaðila eykst líka.

Veltuskattar skila einnig talsvert meiru og er nú reiknað með að tekjur af sköttum á vöru og þjónustu verði 68 ma.kr. meiri en í fjárlögum ársins 2021. Þá má nefna að gert er ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs af arðgreiðslum aukist um 23 ma.kr. sem er tæplega þreföldun.

Gjöld ríkissjóðs

Heildargjöld ríkissjóðs verða 1.124 ma.kr. samkvæmt frumvarpinu og hækka um 2,2% frá fjárlögum ársins 2021. Framleiðslustyrkir lækka um fjórðung, eða um 19 ma.kr., en félagslegar tilfærslur til heimila verða nær óbreyttar.


Það er því ekki verið að boða niðurskurð í frumvarpinu, frekar má segja að stefnt sé að mjúkri lendingu sé litið til árána fram til 2026.

Skuldir ríkissjóðs

Í kjölfar heimsfaraldursins gerðu áætlanir ráð fyrir að skuldahlutfall ríkissjóðs myndi hækka í 30% undir lok ársins 2020 og gildandi fjármálaáætlun gerði ráð fyrir áframhaldandi skuldavexti árin 2021 og 2022, upp í um 42% af VLF. Nú stefnir hins vegar í að skuldastaða ríkisins verði mun betri og að skuldir verði um 200 mö.kr. lægri undir lok árs 2022 en gert var ráð fyrir í fjármálaáætlun og nemi um 34% af VLF í stað 42%.


Bættu skuldastöðu má að miklu leyti rekja til meiri og hraðari efnahagsbata en spáð var, en einnig skiptir sala á 35% hlut ríkisins í Íslandsbanka fyrir 55 ma.kr. töluverðu máli. Fyrirhugað er að halda áfram á sömu braut og draga enn frekar úr eignarhaldi ríkissjóðs í fjármálakerfinu með sölu á fleiri hlutum í Íslandsbanka. Ábatinn verði þá nýtur til að minnka lánsfjárförf ríkissjóðs.

Afkoma ríkissjóðs og sveitarfélaga




Heimild: Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Skuldir ríkissjóðs



Heimild: Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Skuldir hins opinbera skv. skuldareglu



Heimild: Fjármála- og efnahagsráðuneytið



Bjartara útlit

Eins og áður segir má vænta þess að fjárlagafrumvarpið taki breytingum við afgreiðslu Alþingis. Meginniðurstöður verða þó væntanlega nokkuð óbreyttar, enda byggja þær á nýrri fjármálastefnu og komandi fjármálaáætlun. Ekkert af þessu hefur þó verið samþykkt enn þannig að ekki er útilokað að um einhverjar breytingar verði að ræða.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.